

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, fyrir árið 2017 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

<i>Sorpgjöld</i>	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Íbúðir</i>	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	19.340	20.110	39.450
Sumarhús	9.665	10.055	19.720
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0		22.840	22.840
Flokkur 1	22.840	22.840	45.680
Flokkur 2	74.845	45.670	120.515
Flokkur 3	149.690	60.375	210.065
Flokkur 4	224.540	62.830	287.370
Flokkur 5	299.385	68.510	367.895

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum, sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnæði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnæði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpíláta og umfangi sorps.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 15. september 2016, og af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 2. desember 2016. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 85/2016

Vík í Mýrdal, 19. desember 2016.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri.